

Skilmálar Fríðu

1. Almenn

Fríða er fríðindakerfi fyrir korthafa Íslandsbanka hf. (útgefandi). Útgefandi gefur út debet- og kreditkort sem tengjast fríðindakerfi þar sem félagar fá endurgreiðslu vegna afsláttar samkvæmt tilboðum sem félögum standa til boða við notkun á kortunum hjá tilteknum samstarfsaðilum. Endurgreiðsla er lögð inn á reikning sem félagi tilgreinir sérstaklega.

2. Aðild og samþykki

Einstaklingar, sem eru með tilgreind debet- og/eða kreditkort hjá útgefanda, verða sjálfkrafa aðilar að Fríðu (félagi). Aðild er ekki í boði fyrir lögaðila eða einstaklinga með fyrirtækjakort og útgefandi áskilur sér rétt til þess að setja aldurstakmark á aðild að Fríðu.

Með notkun á tilboðum Fríðu og samþykki skilmála þessara samþykkir félagi bæði að hann skilji og samþykki þessa skilmála og réttarsamband sitt við Fríðu. Jafnframt er félagi upplýstur um að útgefanda er nauðsynlegt að vinna þær upplýsingar og gögn sem þörf er á úr kerfi útgefanda til þess að unnt sé að ljúka vinnslu við tilboðin, þó ávallt innan þeirra marka sem almennir skilmálar og öryggis- og persónuverndarstefna útgefanda setja hverju sinni. Útgefanda er ávallt heimilt að taka saman tölfraðilegar samantektir og aðrar afleiddar ópersónugreinanlegar samantektir og nota í viðskiptalegum tilgangi eða miðla til þriðja aðila.

Með notkun á tilboðum Fríðu og samþykki skilmála þessara veitir félagi útgefanda heimild til þess að senda SMS, tölvupóst, tilkynningar (e. push notifications) eða önnur rafræn skilaboð um tilboð, afslætti eða sérkjör frá samstarfsaðilum. Félagi veitir útgefanda einnig heimild til að senda félaga skilaboð er varða notkun appsins eða tilkynningar um breytingar á skilmálum appsins. Jafnframt staðfestir félagi að hann hafi kynnt sér hvað felst í því að samþykkja sérsniðin tilboð hafi hann samþykkt að fá send slík tilboð.

Útgefandi áskilur sér rétt til uppsagnar félaga úr Fríðu ef útgefandi getur sýnt fram á brot á reglum sem tengjast fríðindakerfinu, skilmálum greiðslukorta eða öðrum reglum útgefanda og samstarfsaðilum hans.

3. Endurgreiðslur vegna afsláttar

Fríða mun af og til bjóða félögum upp á tilboð þar sem tiltekin fyrirtæki og söluaðilar bjóða félögum afslátt ef verslað er á tilteknu tímabili, að því gefnu að félagi greiði með greiðslukorti sem tengt er við kerfi útgefanda. Tilboð og þar með afslátt þarf að virkja sérstaklega í gegnum app. Tilboðin og þar með afslátturinn virkjast ekki ef félagi greiðir með öðrum hætti, t.d. í reiðufé eða með millifærslu. Tilboðin munu birtast í appi útgefanda.

4. Almenn tilboð og sérsniðin

Almenn tilboð

Almennum tilboðum kann annars vegar að vera beint að öllum korthöfum eða hins vegar tilteknum hópum korthafa. Beinist tilboð að tilteknum hópi korthafa eru þeir eingöngu valdir eftir tilteknum lýðfræðilegum breytum, t.a.m. búsetu, aldri eða kyni, eða þjónustupáttum t.d. kortategund. Slík tilboð eru þá eingöngu í boði fyrir viðkomandi hóp en ekki aðra.

Sérsniðin tilboð

Gegn samþykki fær félagi sérsniðin tilboð sem eingöngu er beint að tilteknum hópi sem valinn er út frá neysluhegðun sem greind er út frá færslum á kortum sem tengd eru Fríðu og, ef við á, öðrum breytum s.s. lýðfræðilegum upplýsingum.

Félagi getur hvenær sem er óskað eftir að skrá sig úr sérsniðnum tilboðum og mun þá í kjölfarið ekki verða send slík tilboð. Korthöfum mun eftir sem áður berast almenn tilboð sem send eru á alla viðeigandi korthafa en korthafa er ávallt heimilt að virkja þau ekki.

5. Fyrirkomulag

Félagi greiðir fullt verð fyrir vöru og/eða þjónustu til viðkomandi fyrirtækis samkvæmt hverju tilboði. Sá afsláttur sem fyrirtækið veitir verður greiddur til útgefanda sem tekur við greiðslunni fyrir hönd félaga og greiðir svo til félaga í samræmi við ákvæði skilmála þessara.



Í appi er birt yfirlit yfir færslur félaga hjá fyrirtæki. Yfirlitið jafngildir þó ekki að endurgreiðsla hafi borist. Útgefandi sendir viðkomandi fyrirtæki greiðslutilmæli vegna endurgreiðslu mánaðarlega eftir að tilboð var til staðar. Félagi getur séð heildarstöðu sína hverju sinni inni á appi Íslandsbanka. Um útgreiðslu fjár vísast til 8. gr. skilmála þessara. Félagi gerir sér grein fyrir því að endurgreiðsla til hans berst ekki fyrr en útgefandi hefur sent út greiðslutilmæli og enn fremur að greiðsla til félaga berst ekki fyrr en söluaðili hefur greitt til útgefanda, sbr. 8. gr. skilmálanna.

6. Varðveisla fjár

Þær greiðslur sem útgefandi tekur við fyrir hönd félaga verða varðveittar aðgreint frá öðrum fjármunum útgefanda á sérstökum reikningi, sem getur verið fjárvörslureikningur, sérstakur bankareikningur eða annars konar sambærilegur reikningur á vegum útgefanda. Útgefandi áskilur sér allan rétt til þess að breyta um reikning eða reikningsform vegna varðveislu fjárisins svo framarlega að það skerði ekki rétt félaga. Þá hefur útgefandi heimild til þess að fela fjármálaþyrft eða aðila sem hefur leyfi til greiðsluþjónustu samkvæmt lögum nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, alla umsýslu viðkomandi bankareikningsins og sjá um endurgreiðslu til félaga.

7. Afmörkun afsláttar

Félögum verður kynnt með hverju og einu tilboði með hvaða hætti afslátturinn sem kemur til endurgreiðslu ákvarðast. Sem dæmi getur afslátturinn verið ákveðið hlutfall af kaupverði, eða föst upphæð. Ef félagi stendur til boða fleiri en eitt tilboð í fríðindakerfi frá sama söluaðila á sama tíma þá gildir sá afsláttur sem er hagstæðastur fyrir félagi hverju sinni en safnast ekki upp á milli tilboða hjá sama söluaðila.

8. Greiðslur til félaga

Með vísan til 5. gr. skilmála þessara þá sendir útgefandi greiðslutilmæli mánaðarlega til þeirra fyrirtækja, sem hafa tekið þátt í tilboði. Það fé, sem útgefandi hefur móttengið fyrir hönd félaga sinna, verður greitt til hvers félaga með þeim hætti sem auglýstur er í appi útgefanda. Beri auglýst dagsetning upp á helgi verður greitt út fyrsta virka dag þar á eftir. Greiðslan berst inn á þann reikning sem félagi tilgreinir í appi Íslandsbanka. Félagi ber ábyrgð á því að tilgreina réttan reikning og gerir sér grein fyrir því að útgefandi getur ekki staðreynt hvort reikningur sé sannarlega í eigu hvers og eins félaga. Enn fremur getur útgefandi ekki afturkallað greiðslu sem greidd hefur verið inn á reikning sem tilgreindur hefur verið af félagi. Greiðsla fer fram sjálfkrafa og ekki þarf sérstaka beiðni félaga til þess. Félagar geta ekki fengið féð greitt út á öðrum tíma eða á annan hátt. Útgefanda er ekki heimilt að verja áunnum fjármunum félaga samkvæmt framangreindu upp í vanskil við útgefanda.

Takist endurgreiðsla ekki á tilsettum tíma, s.s. vegna þess að bankareikningur er ekki lengur til staðar, mun útgefandi leita leiða til þess að hafa uppi á félagi með öðrum hætti og greiða féð til viðkomandi. Gangi það ekki eftir mun útgefandi varðveita féð eins lengi og almennar reglur um fyrningu segja til um.

9. Vanskil söluaðila

Félagi gerir sér fulla grein fyrir því að endurgreiðslur til sín eru háðar því að útgefandi fái greitt frá viðkomandi söluaðila. Útgefandi tekur ekki ábyrgð á því að greiðslur frá söluaðila berist og á félagi ekki neina kröfu á útgefanda í slíkum tilfellum. Útgefandi mun hins vegar leitast við að innheimta féð frá viðkomandi söluaðila komi til vanskila og upplýsa viðkomandi félagi um framgang mála í slíkum tilfellum, eins og unnt er.

Kjósi útgefandi, umfram skyldu, að greiða til félaga kröfu vegna endurgreiðslu sem er í vanskilum hjá fyrirtæki, þá telst félagi við móttöku fjárisins (innborgun á reikning hans) hafa staðfest að útgefandi telst þar með réttmætur eigandi kröfunnar á hendur viðkomandi söluaðila.

10. Umboð

Með því að staðfesta skilmála þessa veitir félagi útgefanda fullt og ótakmarkað umboð til þess að móttaka og varðveita fyrir sína hönd endurgreiðslur frá fyrirtækjum vegna tilboða og felst að öðru leyti á skilmála þessa. Enn fremur að útgefandi hafi heimild til þess að koma fram fyrir hönd félaga gagnvart fyrirtækjum sem taka þátt í tilboðum á vegum útgefanda og innheimta það fé sem notandi á inni hjá fyrirtækinu komi til vanskila, sbr. 9. gr. skilmála þessara.

Félagi gerir sér grein fyrir því að útgefandi varðveitir það fé sem fæst endurgreitt fyrir hans hönd þar til það er greitt út til félaga í samræmi við ákvæði þessara skilmála. Félagi gerir sér grein fyrir og samþykkir að ekki leggjast ofan á þá fjárhæð sem hann fær greidda út frá útgefanda vextir eða verðbætur og á félagi ekki kröfu á hendur útgefanda af þeim sökum.



11. Persónuvernd

Útgefandi vinnur m.a. eftirfarandi persónuupplýsingar í tengslum við Fríðu:

- Samskiptaupplýsingar og kennitala
- Virkjun og notkun tilboða
- Endurgreiðslur og reikningsnúmer
- Lýðfræðilegar upplýsingar
- Tæknilegar upplýsingar
- Upplýsingar um þjónustuþætti
- Færsluhreyfingar (samþykki félags sérsniðin tilboð)

Vinnsla framangreindra persónuupplýsinga er nauðsynleg svo hægt sé birta almenn tilboð, reka fríðindakerfið, afgreiða endurgreiðslur, senda félaga tilboð og tilkynningar, bæta og þróa kerfið og, ef samþykki er veitt, að veita félaga aðgang að sérsniðnum tilboðum. Sérstakrar varkárni og öryggis er gætt við vinnslu færsluhreyfinga og eru niðurstöður ekki notaðar í öðrum tilgangi en að veita félaga aðgang að sérsniðnum tilboðum.

Persónuupplýsingar eru aldrei gerðar aðgengilegar söluaðilum. Fríðindakerfið er rekið í samstarfi við Meniga en engum persónuupplýsingum er miðlað á milli aðila nema ef nauðsyn reynist t.d. vegna villuleitar og endurgreiðslna.

Nánar má lesa um meðferð persónuupplýsinga og réttindi félaga s.s. andmælarétt vegna vinnslu persónuupplýsinga [hér](#).

12. Breytingar á skilmálum og fleira

Útgefandi áskilur sér rétt til þess að breyta fyrirkomulagi og skilyrðum Fríðu hvenær sem er. Breytingar á fyrirkomulagi og skilyrðum eru birtar á vef útgefanda, www.islandsbanki.is eða með skilaboðum í netbanka/appi.

Allar breytingar á reglum þessum eru bindandi fyrir félaga klúbbsins 30 dögum eftir að þeim hafa verið kynntar breytingarnar.

Útgefanda er ekki á neinn hátt ábyrgur fyrir vörum samstarfsaðila Fríðu. Ef upp koma deilumál varðandi eiginleika keyptrar vöru skulu félagar eiga það beint við söluaðila vörunnar án milligöngu útgefanda.

Útgefandi áskilur sér rétt til að hætta viðskiptum við samstarfsaðila Fríðu að undangenginni tilkynningu til félaga, svo sem ef sala á viðkomandi vöru eða þjónustu stríðir gegn lögum eða felur í sér misnotkun á fríðindum.

Fríða er í eigu útgefanda og áskilur útgefandi sér rétt til að hætta rekstri kerfisins hvenær sem er. Útgefandi mun tilkynna félögum um slíka ákvörðun með a.m.k. 2 mánaða fyrirvara á vef útgefanda. Þegar rekstri klúbbsins er hætt falla allar skuldbindingar útgefanda vegna Fríðu niður að þeim réttindum undanskildum sem félagi hefur þá áunnið sér.

Ábendingar eða kröfur, ef einhverjar, skulu sendar skriflega í gegnum vef útgefanda www.islandsbanki.is innan mánaðar eftir að upp kemur deilumál. Útgefandi tekur afstöðu til allra ábendinga eða krafna innan 14 daga eftir að þær berast og skal afstaða útgefanda vera endanleg og óáfrýjanleg.

